

Ed.

286. Breytingartillaga

[120. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 69 30. apríl 1973, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.

Frá samgöngunefnd.

1. gr. orðist svo:

Á eftir síðustu málsgrein 21. gr. laga nr. 69 30. apríl 1973, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Samgönguráðuneytinu er heimilt að ákveða frávik frá fjölda skipstjórnarmanna á verslunarskipum, eftir því sem tilefni gefst til, miðað við búnað og/eða verkefni skips, að fengnum tillögum áhafnanefndar skipaðrar þremur fulltrúum Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, þremur fulltrúum útgerða kaupskipa og oddamanni, tilnefndum af aðilum sameiginlega eða Hæstarétti Íslands, ef samkomulag næst ekki milli aðila um skipun oddamanns.